

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til á eftir 39. lið í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2011, frá 1. apríl 2011, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjaldtöku fyrir flutning.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 22/2011, 14. apríl 2011, bls. 1.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2011 er birt í viðauka við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 45. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. apríl 2011.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Þórður Reynisson.

VIÐAUKI
ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2011
frá 1. apríl 2011

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða

98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2011 frá 11. febrúar 2011 ([1]).
2. Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjalddöku fyrir flutning ([2]).

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009) í IV. viðauka við samninginn:

„40. **32010 R 0774**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjalddöku fyrir flutning (Stjtið. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 1). Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir: a) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin skal reglugerðin falla úr gildi þegar reglugerð (ESB) nr. 838/2010 öðlast gildi í EES-samningnum“.

b) Fyrsti málslíður í 3. lið í B-hluta viðaukans hljóði svo:

„Virði árlegs meðalflutningsgjalds, sem framleiðendur greiða, skal vera á bilinu 0 til 0,5 EUR/MWh, nema það sem gildir í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Rúmeníu, Írlandi, Bretlandi og Norður-Írlandi.“

c) Annar málslíður í 3. lið í B-hluta viðaukans hljóði svo:

„Virði árlegs meðalflutningsgjalds, sem framleiðendur í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi greiða, skal vera á bilinu 0 til 1,2 EUR/MWh.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 774/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

[1] Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 31, og EES-viðbætur nr. 19, 7.4.2011, bls. 5.

[2] Stjtið. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 1.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.